

Drög að samningi vegna framlags Umhverfisstofnunar til markaðssetningar Auðlindatorgs

1. gr. LÝSING

Samningur þessi tekur til styrks Umhverfisstofnunar að fjárhæð 2.500.000 kr til markaðssetningar Auðlindatorgs.

Auðlindatorgið er gagnvirk vefgátt sem þróuð er með það að leiðarljósi að auka nýtingu aukaafurða á Íslandi. Tilgangur markaðstorgsins er að tengja saman hugsanlega kaupendur og seljendur afurða, þ.e.a.s. notendur setja inn auglýsingar með upplýsingum um tengilið þar sem þeir óska eftir afurð/úrgangi eða auglýsa til sölu. Engin viðskipti fara þó í gegnum sjálfa síðuna. Í dag er áhersla lögð á lífbrjótanlegar aukaafurðir en möguleiki á að breikka framboðið til ólífbrjótanlegra afurða er svo sannarlega fyrir hendi.

Verksali mun sjá um markaðssetningu síðunnar og vinna í nánú sambandi við starfsmenn Umhverfisstofnunar að því er varðar markaðssetningu á Auðlindatorginu.

2. gr. SAMNINGSTÍMI

Samningur þessi um fjárfram Umhverfisstofnunar til markaðssetningar skal gilda frá og með 1. desember 2017 og til loka árs 2018.

Verði verksali uppvís að lögbroti, óviðeigandi notkun á síðunni, eða uppfylli ekki samninginn á annan hátt, getur Umhverfisstofnun sagt honum upp fyrirvaralaust og krafðið hann um endurgreiðslu á fjármagni sem stofnunin hefur lagt til.

3 gr. VANEFNDIR

Verksali skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við samþykkt tilboð og skilmála.

Leiti verkkaupi nauðasamninga eða greiðslustöðvunar, verði hann úrskurðaður gjaldþrota eða árangurslaust fjárnám gert í búi hans, er verksala heimilt að fá rétt á Auðlindatorginu til baka. Verði um stórfelldar vanefndir af hálfu verksala að ræða getur verkkaupi rift samningi án fyrirvara.

4 gr. GREIÐSLUR

Umhverfisstofnun býður fram samstarf og fjárstyrk fyrir verkefnið að hámarki 2.500.000 kr fyrir útlögðum kostnaði við gerð kynningarefnis og markaðssetningu. Ekki er innifalinn launakostnaður verkkaupa.

Verkkaupi skal senda verksala reikning fyrir útlögðum kostnaði með afritum af þeim reikningum sem innheimtir hafa verið í sambandi við markaðsáæltun. Gjaldþagi miðast við 20 daga.

5. gr.
FRAMSAL RÉTTINDA

Verkkaupa er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi þessum nema með samþykki verksala eða að tveimur árum loknum.

6 gr.
ÁGREININGSMÁL

Málum sem kunna að rísa út af verkefni því sem útboð þetta nær til, skal vísa til Héraðsdóms Reykjavíkur.

7 gr.
FRUMRIT SAMNINGS

Samningur þessi er gerður í 3 samhljóða eintökum eitt fyrir kaupanda, annað fyrir seljanda og þriðja fyrir Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Reykjavík, 1.12. 2017

F.h. Umhverfisstofnunar

F.h. XXXXXX

Nafn þess sem undirritar

Nafn þess sem undirritar

Vottar að rétri dagsetningu og undirskrift:

_____ kt. _____

_____ kt. _____

DRÖG